

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 20. nóvember 2008. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti til að gera grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snerta ráðuneytið.

Heildarútgjöld samgönguráðuneytisins árið 2009 eru áætluð 63.527 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.211 m.kr. en þær nema 9,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 57.316 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.469 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 32.772 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunnar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.737,5 m.kr. og hækka því um 964,6 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.393,8 m.kr. og verða 14.786,1 m.kr. en eru 16.179,9 m.kr. í fjárlögum síðasta árs. Þyngst vegur 1.700 m.kr. lækkun sérstakra viðbótarframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skýrist að mestu af niðurfellingu tímabundinna framlaga. Gert er ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem samgönguráðuneytið hefur gert nemi um 3.198,2 m.kr. árið 2009, samtals munu samningarnir því nema um 5% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækki um sem nemur um 1.700 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Hér vegur þyngst að tímabundin viðbótarframlög frá ríkinu falla niður. Einnig er ljóst að sjóðurinn mun dragast saman vegna samdráttar í samfélaginu. Framlög sjóðsins skipta sköpum í rekstri margra sveitarfélaga, sérstaklega minni sveitarfélaga, og mun þessi lækkun koma þungt niður á rekstri þeirra. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að tryggja afkomu sveitarfélaganna og brýnt verkefni er að finna aðrar leiðir og nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa lengi bent á möguleika þess að fá hlutdeild í öðrum sköttum og vill nefndin ítreka mikilvægi þess að endurskoða almenna tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Í ljósi þess að farið hefur verið fram á það við ráðuneytin að þau leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri, vekur meiri hlutinn athygli á að slík aðgerðaráætlun liggur ekki fyrir hjá samgönguráðuneytinu, og hafa hugmyndir þess efnis ekki verið kynntar fyrir nefndinni. Auk þess hefur samgönguáætlun í heild sinni ekki komið fyrir nefndina. Áliti þessu er því skilað með fyrirvara um að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. Meiri hlutinn leggur áherslu á að halda inni verkefnum sem ekki eru fjárfrek en líkleg eru til að skapa atvinnu. Aður en þessu nefndaráliti er skilað hefur samgöngunefnd ekki fengið tækifæri til að fjalla um samgönguáætlun með fjárlagafrumvarpinu sem er óásættanlegt en skiljanlegt í ljósi þess óvenjulega ástands sem uppi er í samfélaginu. Nefndin mun fjalla um nýja samgönguáætlun á næstu dögum.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,
Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,
Árni Johnsen,
Ármann Kr. Ólafsson,